



# ÁRSSKÝRSLA 2016

## Efnisyfirlit

3	I	Markmið og stefna
5	II	Stefnan í peningamálum
9	III	Fjármálakerfi
15	IV	Gjaldeyrisforði
19	V	Lánamál ríkissjóðs
23	VI	Alþjóðleg samskipti
25	VII	Sérstök verkefni
31	VIII	Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið
39		Samstæðuársreikningur 2016
		Viðaukar
89		Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2016
90		Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2016
91		Töflur



*Bankaráð eins og það var skipað í árslok 2016. Frá vinstri: Björn Valur Gíslason, Auður Hermannsdóttir, Jón Helgi Egilsson, Þórunn Guðmundsdóttir formaður, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Ingvadóttir og Ragnar Árnason.*

**Útgefandi:**

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605

Netfang: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is)

Veffang: [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

Prentun og bókband: Oddi ehf.

Reykjavík 2017

ISSN 1670-522X

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

# I Markmið og stefna

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal bankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Með samþykki ráðherra hefur bankinn lýst yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 er verðbólgu markmiðið skilgreint sem 2½% hækkun á vísitölu neysluverðs á 12 mánaða tímabili.<sup>1</sup> Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, veita bankanum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná þessu markmiði. Jafnframt skal bankinn stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá kemur fram í lögnum að auk þess að stuðla að stöðugu verðlagi og fjármálastöðugleika skuli bankinn varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Í lögnum eru jafnframt ákvæði um að gerð skuli opinberlega grein fyrir peningastefnunni og fyrir starfsemi bankans almennt.

## Peningastefna

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja bankans í peningamálum. Stjórn tækin teljast í þessu sambandi vera vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Nefndin hefur sett sér reglur um starfshætti sem bankaráð hefur staðfest.<sup>2</sup> Kveðið er á um skipan nefndarinnar í lögnum um bankann. Seðlabankastjóri er formaður hennar en í henni sitja að auki aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði peningastefnumótunar og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar.

Við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn þjóðhags- og verðbólgu spá til þriggja ára. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*. Í ritinu birtir bankinn auk þess ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum.

## Fjármálastöðugleiki

Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika. Hann hefur umsjón með starfi kerfisáhættunefndar sem stofnuð var árið 2014, en hún starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð.<sup>3</sup>

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja. Hann birtir ítarlega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika í ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

2. Reglur um starfshætti peningastefnunefndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.

3. Í fjármálastöðugleikaráði sitja fjármála- og efnahagsráðherra (formaður), seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Í kerfisáhættunefnd sitja seðlabankastjóri (formaður), forstjóri Fjármálaeftirlitsins og staðgenglar þeirra auk sérfræðings sem skipaður er af ráðherra.

öruggu fjármálakerfi með rekstri kerfislega mikilvægra fjármálainnviða og með eftirliti með því að kerfislega mikilvæg innlend greiðslu- og uppgjörskerfi uppfylli alþjóðlega viðurkenndar kröfur. Um kerfin er fjallað í riti bankans, *Fjármálainnviðum*.

Seðlabanki Íslands setur reglur um lágmark lausafjár, gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og um stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Bankinn á viðskipti við lánastofnanir og í lögum um bankann er honum veitt heimild til að veita lánastofnunum í lausafjáranda ábyrgðir eða lán þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins.

### **Gjaldeyrisforði, lánamál ríkisins, gjaldeyrisráð og önnur verkefni**

Eitt af viðfangsefnum Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum er að varðveita gjaldeyrisforða. Forðinn gerir bankanum kleift að aðstoða ríkissjóð við að mæta þörfum fyrir erlendar gjaldeyri og standa við erlendar lánaskuldbindingar. Nægur gjaldeyrisforði skapar þá tiltrú á mörkuðum að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá má nota gjaldeyrisforða til að styðja við peningastefnuna. Til að tryggja markvissa stýringu á fjárhagslegri áhættu við rekstur forðans setur seðlabankastjóri reglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Seðlabankinn sér um framkvæmd innlendra og erlendra lánamála og skuldastýringu ríkissjóðs í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Verkefnum Seðlabanka Íslands fjölgaði í kjölfar fjármálakreppunnar sem brast á árið 2008. Meðal nýrra verkefna voru framkvæmd gjaldeyriseftirlits, verkefni á sviði greiðslumiðlunar og úrvinnsla eigna og krafna í kjölfar þrots bankanna. Félög í eigu bankans sinna tveimur síðasttöldu verkefnum.

## II Stefnan í peningamálum

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi eins og kveðið er á um í lögum um bankann. Þetta markmið var útfært nánar sem 2½% verðbólgu markmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001.

### Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2016

Meðalverðbólga á árinu 2016 var 1,7% samanborið við 1,6% árið 2015 og 2% árið 2014. Í lok ársins hafði hún verið við eða undir verðbólgu markmiði Seðlabankans í næstum þrjú ár samfleytt þrátt fyrir kröftugan efnahagsbata og umtalsverðar launahækkunarir.<sup>1</sup> Undirliggjandi verðbólga var nánast óbreytt á milli ára en minnkaði tímabundið um mitt ár 2016. Ársverðbólga á mælikvarða kjarnavísitölu 3, sem undanskilur áhrif óbeinna skatta, sveiflukkendra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána, mældist 2,1% í desember 2016 samanborið við 2,2% á sama tíma árið á undan.

Megindrifkraftar verðbólgu á árinu 2016 voru hækkun launakostnaðar og húsnæðisverðs en meðalverðbólga á mælikvarða vísitölu neysluverðs án húsnæðis var einungis 0,1%. Hagfeld ytri skilyrði og hækkun á gengi krónunnar vógu á móti áhrifum innlestrar eftirspurnar á verðbólgu líkt og undangengin ár. Á seinni hluta ársins dró hins vegar úr áhrifum alþjóðlegrar verðhjöðunar og olíuverð hækkaði en hækkun á gengi krónunnar vó þá á móti.

Gengi krónunnar hélt áfram að hækka á árinu 2016 þrátt fyrir umtalsverð gjaldeyriskaup Seðlabankans. Hækkaði það um 18,6% yfir árið, mælt með viðskiptaveginni gengisvísitölu, samanborið við tæplega 8% hækkun á árinu 2015. Hækkunin endurspeglar að miklu leyti gjaldeyrisinnstreymi vegna mikils afgangar á viðskiptum við útlönd sem rekja má til bættra viðskiptakjara og aukins útflutnings, sérstaklega aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Á fyrri hluta ársins var einnig nokkurt gjaldeyrisinnstreymi vegna nýfjárfestingar í ríkisskuldabréfum en það stöðvaðist að mestu þegar Seðlabankinn tók nýtt fjárstreymistæki í notkun í byrjun júní. Fjárstreymistækinu var einmitt ætlað að tempra og hafa áhrif á samsetningu fjármagnsflæðis til landsins.<sup>2</sup>


Seðlabankinn var virkur á innlendum gjaldeyrismarkaði á árinu 2016 og keypti nokkru meira af erlendum gjaldeyri en árið 2015.<sup>3</sup>

1. Samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands á vísitölu neysluverðs sem birt var 26. ágúst 2016 var tólf mánaða verðbólga 0,9% í ágúst 2016 og hafði samkvæmt því farið niður fyrir 1% fráviksmörk verðbólgu markmiðs bankans. Með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001 sendi bankinn ríkisstjórninni sérstaka greinargerð 9. september 2016 þar sem gerð var grein fyrir ástæðum fráviksins. Síðar kom í ljós að skekkja var í verðbólgu mælingum Hagstofunnar á tímabilinu frá mars til ágúst 2016. Samkvæmt leiðréttum tölum var tólf mánaða verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs 1,2% í ágúst. Verðbólga fór því ekki niður fyrir 1% fráviksmörkin í ágúst og því hefði í raun ekki verið tilefni til sendingar greinargerðarinnar. Var það áréttað í sérstökum bréfi til ríkisstjórnarinnar hinn 14. október 2016.
2. Sjá umfjöllun um fjárstreymistækið í rammagrein 1 í *Peningamálum 2016/4*.
3. Samkvæmt 24. grein laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beiðingu stjórnstækja bankans. Í lögnum er kveðið svo á að viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar séu eitt af stjórnstækjum bankans. Aukin gjaldeyrisinngrip eru í samræmi við tillögur Seðlabankans frá 2010 um endurbætur rammans um verðbólgu markmiðið (sjá t.d. umfjöllun í *Séríttri* nr. 4: Peningastefnan eftir höft, desember 2010).

Mynd II-1

Mæld og undirliggjandi verðbólga<sup>1</sup>

Janúar 2012 - desember 2016




1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu þegar horft er fram hjá áhrifum sveiflukkendra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og reiknaðrar húsaleigu og með tölræðilegum mælikvörðum eins og vegnu miðgildi, klipptum meðaltölum og kviku þáttalíkani.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2

Gengi krónunnar og útflutningur<sup>1</sup>

1. ársfj. 2010 - 4. ársfj. 2016




1. 4 fjórðunga hreyfanlegt meðaltal.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd II-3

## Vextir Seðlabanka Íslands og skammtíma-markaðsvextir

Daglegar tölur 3. janúar 2010 - 30. desember 2016




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-4

Raunvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Janúar 2010 - desember 2016



1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarks-  
vaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem nafnvexti bankans  
en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til  
janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar  
fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólgu-  
álag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra  
ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar  
markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans.  
Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hrein gjaldeyriskaup bankans á millibankamarkaði með gjaldeyri námu 386 ma.kr. á árinu eða sem nemur um 16% af landsframleiðslu á árinu 2016. Nauðsynlegt var að byggja upp gjaldeyrisforða og forðast ofris krónunnar í aðdraganda losunar hafta á fjármagnsústreymi. Gjaldreyriskaup bankans stuðluðu að þessu auk þess að draga úr gengissveiflum og hamla gegn hækkun gengis krónunnar.

Stórt skref var tekið í átt að fullri losun fjármagnshafta hinn 21. október 2016 þegar lög um breytingar á lögum nr. 87/1992 tóku gildi. Með þeim voru heimildir einstaklinga og fyrirtækja til fjármagnsflutninga á milli landa og gjaldeyrisviðskipta auknar verulega. Seðlabankinn keypti hlutfallslega minna af gjaldeyrisinnstreymi til landsins þegar líða tók á árið og ákvað peningastefnunefnd bankans í kjölfar rýmkunar gjaldeyrislaganna í október að halda áfram á þeirri braut og endurmeta stöðuna eftir að næsta skref í losun fjármagnshafta á einstaklinga og fyrirtæki hefði verið tekið hinn 1. janúar 2017.

Peningastefnunefnd hélt vöxtum Seðlabankans óbreyttum fram í ágúst 2016. Þá voru þeir lækkaðir um 0,5 prósentur og í desember voru þeir lækkaðir um 0,25 prósentur til viðbótar. Í lok ársins 2016 voru meginvextir bankans, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánnum, 5%. Raunvextir bankans, miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar, héldust á bilinu 2½-3% á árinu og voru þeir um 2,7% í lok árs. Þeir mælast heldur hærrí og hafa sveiflast meira, þegar eingöngu er miðað við liðna ársverðbólgu en munurinn hefur minnkað eftir því sem mæld verðbólga og verðbólguvæntingar hafa þokast í átt að verðbólgu markmiðinu.

Rökin fyrir lækkun vaxta í ágúst voru að peningastefnan hefði skilað þeim árangri að til miðlungslangs tíma yrði hægt að halda verðbólgu við markmið með lægri vöxtum en nefndin hafði áður talið. Þetta sýndi þróun verðbólguvæntinga sem höfðu lækkað niður í verðbólgu markmið bankans eftir að hafa verið töluvert yfir því um nokkra hríð. Á desemberfundi sínum taldi nefndin einnig svigrúm til að lækka vexti þar sem kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólgu markmið virtist hafa styrkst enn frekar og aðhald peningastefnunnar að einhverju leyti aukist vegna hækkunar á gengi krónunnar.

Ekki bar á hnökrum í miðlun peningastefnunnar eftir að nýtt fjárestreymistæki bankans var virkjað í júní 2016 líkt og á seinni hluta ársins 2015 og skiluðu vaxtalækkunar bankans á árinu 2016 sér að fullu til annarra markaðsvaxta. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði um u.þ.b. 0,5 prósentur í kjölfar vaxtalækkunar bankans í ágúst 2016 og um 0,1-0,2 prósentur til viðbótar í kjölfar lækkunarinnar í desember. Ávöxtunarkrafa 5 ára óverðtryggðra ríkisbréfa var um 5,1% í lok ársins 2016 samanborið við 5,9% í lok árs 2015 og krafa sambærilegra verðtryggðra ríkisbréfa var 2,9% í árslok 2016 sem er svipað og í lok ársins þar á undan.

Peningastefnunefndin ákvað einnig að lækka bindiskyldu úr 2,5% í 2% í júní 2016 í tengslum við útboð vegna svokallaðra aflandskróna en nefndin hafði ákveðið að hækka bindiskyldu tímabundið úr 2% í 4% í september 2015 til að auðvelda Seðlabankanum stýringu lausafjár í bankakerfinu í tengslum við uppgjör slitabúa og væntanlegt gjaldeyrisútboð.



## Ákvarðanir í peningamálum og rökstuðningur þeirra

Seðlabanki Íslands skal gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í riti sínu, *Peningamálum*, gerir bankinn grein fyrir framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið var gefið út fjórum sinnum á árinu.

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd bankans birti fundargerðir sínar opinberlega og geri grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd birtir fundargerðir sínar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt. Þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir atkvæðum sínum. Í samræmi við ákvæði laganna gefur peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkanið og gagna-grunn þess á heimasíðu sinni.

### Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum. Stjórnækja bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Peningastefnunefnd er skipuð Má Guðmundssyni seðlabankastjóra sem samkvæmt lögum er formaður nefndarinnar, Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni, aðal-  
hagfræðingi Seðlabankans, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, og Katrínu Ólafsdóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík.

### Vaxtaákvæðanir 2016

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Átta reglulegir vaxtaákvæðunarfundir voru haldnir á árinu 2016 en nefndin hélt einnig aukafund 23. desember til að ræða gjaldeyrismál. Jafnframt átti nefndin sam-  
eiginlegan fund með kerfisáhættunefnd til að ræða efnahagsþróun, stöðu fjármálakerfisins, flæði á gjaldeyrismarkaði og samspil peningastefnu og fjármálastöðugleika. Vaxtaákvæðanir nefndarinnar voru með eftirfarandi hætti:

10. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

16. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

11. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

1. júní: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri lagði einnig til að bindiskylda yrði lækkuð úr 2,5% í 2% frá og með næsta bindiskyldutímabili sem hæfist 21. júní. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

24. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Már Guðmundsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillöguna en Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði gegn henni og kusu heldur að vextir yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur.

5. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

16. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson og Katrín Ólafsdóttir studdu tillöguna en Arnór Sighvatsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði gegn henni og kusu heldur að vextir yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur.

14. desember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Már Guðmundsson, Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillöguna en Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus að vextir yrðu óbreyttir.



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands eins og hún var skipuð í árslok 2016. Frá vinstri: Gylfi Zoëga, Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson formaður, Katrín Ólafsdóttir og Þórarinn G. Pétursson.*



# III Fjármálakerfi

## Fjármálastöðugleiki

Annað af tveimur meginhlutverkum Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Heilbriggt fjármálakerfi er nauðsynleg forsenda hagstæðrar framvindu í efnahagsmálum og virkrar miðlunar stefnunnar í peningamálum.

Meginviðfangsefni Seðlabankans á sviði fjármálastöðugleika er greining á áhættu sem raskað gæti stöðugleika í fjármálakerfinu, setning lausafjár- og gjaldeyrisjafnaðarreglna sem lánastofnunum ber að starfa eftir og eftirlit með þeim. Greining bankans er birt í ritinu *Fjármálastöðugleiki* sem kom tvisvar út á árinu. Seðlabankinn tekur einnig þátt í stefnumótun varðandi umgjörð fjármálakerfisins og mótun varúðarreglna. Í störfum sínum á sviði fjármálastöðugleika hefur Seðlabankinn náin samskipti við aðrar stofnanir, einkum Fjármálaeftirlitið og fjármála- og efnahagsráðuneyti, og tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi


Á undanförunum árum hefur verið lögð aukin áhersla á greiningu á stöðu heimila og fyrirtækja, á ytri stöðu þjóðarbúsins, á fjármagnsflæði og á endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Á árinu 2016 fór fram margvísleg vinna tengd losun fjármagnshafta, sjá nánar í kafla VII um sérstök verkefni. Á árinu voru framkvæmd og gefin út í annað sinn álagspróf fyrir stóru viðskiptabankana sem nýtast við áhættumat og gefa vísbendingar um næmi banka fyrir óhagstæðri þróun eða áföllum. Niðurstöður álagsprófanna sýndu að á heildina litið voru bankarnir nokkuð vel búnir til að takast á við áföll. Í byrjun ársins hækkaði áskilið lágmark lausafjár samkvæmt reglum Seðlabankans úr 0,8 í 0,9 og lágmark fjármögnunarhlutfalls í erlendum gjaldmiðlum úr 0,8 í 0,9. Lágmarkshlutföll verða 1,0 frá ársbyrjun 2017. Á árinu undirbjó Seðlabankinn, í samvinnu við Fjármálaeftirlitið, fundi kerfisáhættunefndar og tók saman margvíslegt greiningarefni fyrir fundina.

### Þróun fjármálastöðugleika

Á árinu 2016 voru efnahagsleg skilyrði fjármálakerfinu í meginatriðum hagstæð. Skuldsetning heimila og fyrirtækja var lítil í sögulegu samhengi, bæði í hlutfalli við tekjur og landsframleiðslu. Svigrúm þeirra til að mæta áföllum var því meira en um langt skeið. Auknar tekjur af ferðamönnum og hagstæð viðskiptakjör stuðluðu að viðskiptaafgangi og gengi krónunnar hækkaði þótt Seðlabankinn hafi keypt umtalsvert af gjaldeyri. Á árinu var láns hæfismat ríkissjóðs hækkað (sjá kafla V um lánamál ríkissjóðs) og var það meðal annars rökstutt með því að skref að losun fjármagnshaftanna hefðu heppnast vel og skuldir ríkissjóðs lækkað. Í árslok var staða viðskiptabankanna traust. Stóru viðskiptabankarnir voru reknir með töluverðum hagnaði á árinu en hagnaðurinn dróst þó saman á milli ára, einkum vegna minni tekna af

Mynd III-1


Eignir og skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum<sup>1</sup>



1. Lífeyrissjóðseign miðast við útgreiðslu eftir 30% tekjuskatt. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Mynd III-2

Raunverð íbúða í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu<sup>1</sup>




1. Fermtraverð á föstu verðlagi m.v. vitölu neysluverðs. 2. Innan Hringbrautar, Hagar, Melar, Grandar og Hlíðar. Heimildir: Þjóðskrá, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-3  
Lausafjárhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja<sup>1</sup>



1. Samstæður. 2. Skv. lausafjárreglum fylgist SÍ einnig með lausafjárhlutfalli til þriggja mánaða.  
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd III-4  
Eiginfjárlutföll viðskiptabankanna<sup>1</sup>



1. Samstæður. Eiginfjárrunni sem hlutfall af áhættugrunni. Eiginfjárlutfall fyrir MP banka 2009-2014.  
Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.

óreglulegum liðum. Eiginfjárlutföll bankanna voru há þrátt fyrir arðgreiðslur og lausafjárstaðan almennt traust.

Á árinu dró úr útlánaáhættu samfara bættri skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Kjör bankanna við fjármögnun á erlendum mörkuðum bötnuðu auk þess sem aðgengi þeirra að mörkuðum styrktist enn frekar með hækkandi lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Álagspróf á laust fé benti til þess að lausafjárhlutfall bankanna yrði yfir reglubundnu lágmarki Seðlabankans jafnvel þótt verulegt fjármagnsústreymi yrði eftir losun fjármagnshafta.

Á árinu komu fram merki um vaxandi spennu í þjóðarbúskapnum, einkum á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði, sem gæti ýtt undir fjármálalegt ójafnvægi til lengri tíma lítið. Þá var einnig talin þörf á að fylgjast með áhættu sem fælist í örum vexti ferðþjónustunnar og bent á að takmarka þyrfti lánveitingar í erlendum gjaldmiðlum til heimila og fyrirtækja sem væru óvarin fyrir gjaldeyrisáhættu. Seðlabankinn setti reglur um bindingu reiðufjár vegna innstreymis erlends gjaldeyris og í kjölfarið dró mjög úr nýfjárfestingu í ríkisskuldabréfum sem talin var hætta á að yrði hvíkjult fjárstreymi.

### Fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd

Fjármálastöðugleikaráð er formlegur vettvangur til samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármálastöðugleika. Kerfisáhættunefnd starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð. Hlutverk og verkefni nefndarinnar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin nýtir m.a. til þess greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnananna. Í kerfisáhættunefnd sitja fimm, þ.e. seðlabankastjóri, sem er formaður nefndarinnar, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, aðstoðarseðlabankastjóri, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og einn sérfræðingur í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði sem ráðherra skipar án tilnefningar til fimm ára í senn. Umsýsla kerfisáhættunefndar er á hendi Seðlabankans. Á síðastliðnu ári fundaði kerfisáhættunefnd fjórum sinnum til undirbúnings fyrir fundi fjármálastöðugleikaráðs.

Eins og áður sagði er fjármálastöðugleikaráð formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Bendi greiningar til þess að hætta sé á að fjármálastöðugleika verði raskað skal fjármálastöðugleikaráð gefa út tilmæli um viðeigandi aðgerðir, aðrar en þær sem felast í beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands í peninga-

Tafla III-1 Eiginfjárukar

Eiginfjárukar	Tilmæli FSR	Ákvörðun FME	Gildi	Gildistaka
Eiginfjárukar vegna kerfisáhættu, KMB <sup>1</sup>	22.1.2016	1.3.2016	3%	1.1.2017
Eiginfjárukar vegna kerfisáhættu, aðrar innlánsstofnanir	22.1.2016	1.3.2016	1,5% 2% 3%	1.1.2017 1.1.2018 1.1.2019
Eiginfjárukar vegna kerfislegs mikilvægis <sup>1</sup>	22.1.2016	1.3.2016	2%	1.4.2016
Sveiflujöfnunarauki	22.1.2016 30.9.2016	1.3.2016 1.11.2016	1% 1,25%	1.3.2017 1.11.2017
Verndunarauki			2,5%	1.1.2017

1. Kerfislega mikilvægir bankar (KMB) eru Landsbankinn hf., Arion banki hf. og Íslandsbanki hf.  
Heimild: Seðlabanki Íslands.

málum, til þar til bærra stjórnvalda. Jafnframt staðfestir fjármála- stöðugleikaráð skilgreiningar á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum, innviðum og mörkuðum sem eru þess eðlis að starfsemi þeirra getur haft áhrif á fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleikaráði sitja fjármála- og efnahagsráðherra, og er hann formaður ráðsins, seðla- bankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Á síðastliðnu ári fundaði fjármálastöðugleikaráð fjórum sinnum. Fjármálastöðugleikaráð hefur birt viðmið fyrir ákvörðun um kerfislega mikilvæga eftirlitsskylda aðila og staðfest kerfislegt mikilvægi fjögurra eftirlitsskyldra aðila á Íslandi; Landsbankans hf., Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Íbúðalánasjóðs. Að fengnum tilmælum frá fjármálastöðugleikaráði hefur Fjármálaeftirlitið virkjað eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, eigin- fjáruka vegna kerfislegs mikilvægis og sveiflujöfnunarauka auk þess sem verndunarauki hefur tekið gildi.

## Fjármálainnviðir

Seðlabanki Íslands skal stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða fjármálakerfis á Íslandi og þar með að fjármálastöðug- leika. Bankinn hefur því yfirsýn yfir og fylgist með fjármálainnviðum landsins. Samkvæmt staðfestingu fjármálastöðugleikaráðs teljast nú stórgreiðslukerfi Seðlabankans, jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar ehf. (félag í eigu bankans) og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq verðbréfa- miðstöðvar hf. til kerfislega mikilvægra fjármálainnviða.

Við rækslu yfirsýnarhlutverksins er beitt áhættumiðaðri nálgun. Fylgst er með þróun, virkni og rekstraröryggi kerfislega mikilvægra greiðslukerfa með söfnun upplýsinga og samskiptum við kerfisstjóra, sem ábyrgð bera á rekstri innviðanna. Verðbréfauppgjörkerfið er rekið af eftirlitsskyldum aðila og því háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Sameiginlegur áhættumatshópur Seðlabankans og Fjármála- eftirlitsins um fjármálainnviði fjallar um innviðina og um greiðslumið- un og verðbréfauppgjör í víðu samhengi og er ætlað að leggja mat á kerfisáhættu og möguleg áhrif á fjármálastöðugleika á hverjum tíma.

Á árinu 2016 var lagt mat á rekstraröryggi og umgjörð jöfn- unarkerfisins samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum leiðbeiningum um bestu framkvæmd (Kjarnareglum BIS/CPMI og IOSCO, Principles for Financial Market Infrastructures eða PFMI). Meginathugasemdir og úrbótatillögur lutu að stjórnskipulagi og verkaskiptingu, en í ljósi innbyrðis tengsla stórgreiðslu- og jöfnunarkerfanna er flækjustigið nokkurt í rekstrarumgjörðinni. Þá lutu úrbótatillögur m.a. að áhættu- stýringu og viðbúnaði. Unnið er að úrbótum á grundvelli matskýrsl- unnar. Heildstæð nálgun þvert á rekstrarumgjörðina er óhjákvæmileg og virkt aðhald af hálfu eigenda og kerfisstjóra mikilvægt gagnvart öllum rekstrarþáttum, þ.m.t. útvistuðum verkefnum.

Í yfirsýnarhlutverki Seðlabankans felst einnig sjálfstætt mat að því er varðar atvik eða rekstrarfrávik í greiðslukerfum bankans. Mat er lagt á greiningu kerfisstjóra á orsök og mögulegum afleiðingum; alvarleika atviks; viðbrögð eða aðgerðir í kjölfar þess og hvort atvik kunni að gefa tilefni til breytinga á framkvæmd, verklagi, samningum, regluverki eða öðru. Á árinu 2016 komu upp atvik í rekstrarumgjörð bæði stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis sem brugðist var við í sam-

ræmi við viðmið PFMI, sem liggja til grundvallar mati yfirsýnar á rekstri millibankakerfa Seðlabankans.

Unnið er að allsherjarendurnýjun þeirra grunninnviða sem notaðir hafa verið í þágu íslensks fjármálakerfis í áratugi. Nýjum notendalausnum í greiðslubjónustu fjölgar stöðugt, en flestar nýjungar eiga það þó enn sameiginlegt að vera byggðar ofan á hefðbundin kortakerfi (debet-/kreditkort) í stað grunninnviða sem gætu leitt til aukinnar rekstrarhagkvæmni. Net- og upplýsingaöryggi hefur að undanförunni verið mikið í deiglunni á alþjóðlegum vettvangi enda komið upp alvarleg tilvik netárása á kerfislega mikilvæga innviði. Mikilvægt er að eigendur og rekstraraðilar greiðslumiðlunarinnviða séu meðvitaðir um að hætta á netárásam fer stöðugt vaxandi. Rekstrarhætta verður aðeins lágmörkuð með skilvirkri og ábyrgri framkvæmd áhættustýringar.

Í riti Seðlabankans, *Fjármálainnviðir 2016*, er fjallað um verkefni bankans á vettvangi greiðslumiðlunar og nánari grein gerð fyrir þeim þáttum sem hér að framan er getið ásamt margþættu hlutverki og viðfangsefnum Seðlabankans á vettvangi fjármálainnviða. Í ritinu var m.a. í fyrsta sinn gerð grein fyrir mati bankans á kostnaði samfélagsins við greiðslumiðlun, en bankinn mun á komandi árum vinna að því að bæta greiningu á þessu sviði.

### Rekstur kerfa – kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir


Á heildina litið gekk rekstur stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis vel á árinu 2016. Heildstæð atvikaskráning er viðhöfð í rekstri kerfanna en atvikin voru alls 141 á árinu en ekkert þeirra olli þjónusturofi. Brugðist var við öllum atvikum með viðeigandi hætti en nánari umfjöllun má finna í riti Seðlabankans, *Fjármálainnviðum 2016*.

Fjórir nýir þátttakendur bættust við stórgreiðslukerfið og jöfnunarkerfið á árinu 2016. Í lok árs 2016 voru því tólf þátttakendur í stórgreiðslukerfinu og þátttakendur í jöfnunarkerfinu voru tíu.<sup>1</sup> Heildarveltan í stórgreiðslukerfinu jókst um tæplega 15% á árinu 2016 frá árinu áður og nam tæplega 18 billjónum króna (þ.e. 18 þúsund milljörðum króna) í um það bil 98 þúsund greiðslufyrirmælum sem er 7,9% fjölgun frá árinu áður. Heildarveltan í jöfnunarkerfinu á árinu 2016 jókst um 8,4% frá fyrra ári og nam alls 3,6 billjónum króna. Færslum fjölgaði um tæp 3% frá 2015 og voru alls 79,4 milljónir.

Eins og greint hefur verið frá í riti bankans, *Fjármálainnviðum*, stendur nú yfir endurnýjun á millibankakerfunum, þ.e. stórgreiðslu- og jöfnunarkerfunum. Á árinu 2016 fór fram mat á forvalsgögnum þeirra aðila sem höfðu áhuga á að taka þátt í útboði fyrir verkefnið. Í framhaldinu var ráðist í útboð á verkefninu eftir ítarlega greiningu á þeim skilyrðum sem nýtt kerfi og viðkomandi hugbúnaðaraðili þurfa að uppfylla ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til virkni millibankagreiðslumiðlunar hér á landi. Ákveðið var að samþykka tilboð ítalska hugbúnaðarframleiðandans SIA sem starfar einkum á sviði tæknilegra innviðalausna fyrir fjármálastofnanir, seðlabanka og opinbera aðila víða um heim.

Mynd III-5

Reiðufé í umferð í nokkrum löndum 2015




Heimildir: Alþjóðagreiðslubankinn, Norges Bank, Danmarks Nationalbank, Statbank Denmark, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

1. Sjá <http://www.sedlabanki.is/fjarmalainnvidir/rekstur/storgreidslukerfi/>

## Reiðufé

Reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana nam 55,1 ma.kr. í lok árs 2016. Aukning á árinu 2016 nam 6,2 ma.kr. eða 12,7% samanborið við 11,1% 2015. Á undanförunum árum hefur reiðufé í umferð aukist talsvert. Aukningin verður ekki bara skýrð með hagvexti og verðbólgu. Líklegt er að fjölgun erlendra ferðamanna skýri hluta aukningarinnar. Gögn um íslenskt reiðufé sem erlendir ferðamenn koma með til Íslands styðja þá tilgátu. Ísland hefur lengi verið í hópi þeirra landa þar sem notkun reiðufjár er hvað minnst. Í árslok 2016 var reiðufé í umferð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 2,3%. Í október 2013 var nýr 10.000 kr. seðill settur í umferð. Innleiðing hans hefur leitt til þess að samsetning seðla í umferð hefur breyst nokkuð. Í lok ársins 2016 voru 47,2% af verðmæti útgefinna seðla 10.000 kr. seðlar eða um 27,7 ma.kr. Hluttur 5.000 kr. seðla hefur minnkað mikið og er kominn í 40,6%. Á árinu 2016 bárust seðla- greiningardeild Seðlabankans 7,6 milljónir seðla frá bönkum og eyddi deildin 4,8 milljónum seðla.

Mynd III-6  
Reiðufé í umferð



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.







## IV Gjaldeyrisforði

Seðlabanki Íslands hefur það viðfangsefni samkvæmt lögum að varðveita gjaldeyrisforða. Gjaldeyrisforðinn dregur úr áhrifum af ytri áhættu tengdri greiðslujöfnuði, svo sem vegna breytinga á aðgangi að erlendu lánsfé, og hann getur einnig nýst til að draga úr áhrifum sveiflna í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Gjaldeyrisforði styrkir enn fremur tiltrú á mörkuðum um að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá er hægt að nota gjaldeyrisforða til að styðja við peningastefnuna.

### Stærð

Stærð gjaldeyrisforðans tekur mið af umfangi utanríkisviðskipta, fyrirkomulagi gengis- og peningamála, reglum um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti og erlendum skuldum ríkissjóðs og þjóðarbúsins. Á hverjum tíma ræðst æskileg stærð af horfum um þróun greiðslujafnaðar.

Í lok árs 2016 var gjaldeyrisforði Seðlabankans 815 ma.kr. eða 7,2 milljarðar Bandaríkjadala sem samsvarar u.þ.b. 34% af landsframleiðslu Íslands 2016. Gjaldeyrisforðinn samsvaraði ellefu mánaða vöru- og þjónustuinnflutningi<sup>1</sup> og 49% af peningamagni og sparifé (M3).

### Helstu hreyfingar


Gjaldeyrisforðinn jókst um 163 ma.kr. á árinu 2016, einkum vegna gjaldeyriskaupa Seðlabankans á millibankamarkaði sem námu 386 ma.kr. Endurheimtur Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf., ESI, og ríkissjóðs í erlendum gjaldeyri vegna krafna á slitabú juku forðann um 34 ma.kr. og sala á gjaldeyrisláni Arion banka til slitabús nam 56 ma.kr. Uppgreiðsla Arion banka á skuldabréfi í eigu ríkisins jók forðann um 9 ma.kr. Kaup á gjaldeyri af ríkissjóði vegna stöðugleikaframlaga námu 9 ma.kr. og sala á bréfum útgefnum af Glitni, Kaupþingi og LBI nam 30 ma.kr.

Mikilvægustu þættirnir sem drógu úr vexti forðans á árinu voru gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans við slitabú sem námu 75 ma.kr. og lokagjalddagar á erlendum lánum ríkissjóðs, samtals 69 ma.kr. Gjaldeyrisútboð og gjaldeyrisviðskipti vegna aflandskróna fólu í sér 70 ma.kr. útfærði gjaldeyris. Einnig greiddi ríkissjóður 14 ma.kr. í gjaldeyri til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.


### Afkoma

Afkoma bankans af gjaldeyrisforða var neikvæð um 114 ma.kr. á árinu 2016. Gengismunur vegna styrkingar krónunnar var neikvæður um 119 ma.kr. Breytingar á markaðsverði verðbréfa leiddu til þess að forðinn minnkaði um 4 ma.kr. og verðendumat á gullforða bankans jók hann um tæplega 1 ma.kr. Vaxtatekjur af gjaldeyrisforða voru 8 ma.kr. og hagnaður af afleiðum var 1 ma.kr. Þegar tekið er tillit til gjaldeyrisjafnaðar Seðlabankans, þ.e. mismunar allra eigna og skulda bankans í erlendum gjaldeyri, var gengismunur neikvæður um 88 ma.kr. á árinu 2016.

Mynd IV-1  
Gjaldeyrisforði  
Janúar 2013 - desember 2016




Mynd IV-2  
Greiðsluáætlun erlendra skulda ríkissjóðs og Seðlabankans  
Staða í lok desember 2016



1. Miðað við meðaltal fimm ára mánaðarlegs innflutnings vöru og þjónustu.

Mynd IV-3


Dreifing á eignum gjaldeyrisforða eftir gjaldmiðli og heimalandi útgefenda/mótaðila



Heimild: Bloomberg AIM.

Mynd IV-4

Gjaldmiðlaskipting gjaldeyrisjafnaðar



Heimild: Seðlabanki Íslands.

## Varðveisla

Í gildi eru starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir. Þar eru sett ytri mörk ásættanlegrar fjárhagslegrar áhættu bankans vegna gjaldeyrisforða. Í þeim er einnig kveðið á um ábyrgð og verkaskiptingu við varðveislu forðans og tilgreindar þær meginreglur sem gilda um mat fjárhagslegrar áhættu, mælingu, greiningu og stýringu hennar. Fjárfestingarnefnd Seðlabankans markar meginstefnu um stýringu gjaldeyrisforðans með fjárfestingarstefnu innan ramma starfsreglnanna. Á grunni fjárfestingarstefnunnar eru sett saman eignasöfn sem eru viðmið fyrir framkvæmd stefnunnar. Við mælingar, stýringu og umsýslu á forðanum er höfð hliðsjón af þessum viðmiðum.

Skiptingu gjaldmiðla í forða er hagað þannig að eignir skulu vera í sömu gjaldmiðlum og sömu fjárhæðum og skuldbindingar bankans í erlendum gjaldmiðlum eftir því sem frekast er kostur. Gjaldveisluöfnuð<sup>2</sup> er svo haldið innan þeirra marka sem ákveðin eru í fjárfestingarstefnunni og stýrt með tilliti til viðmiðsins. Bankinn notar meðal annars afleiður, s.s. gjaldmiðlaskiptasamninga, við stýringu gjaldeyrisjafnaðar.

Gjaldveisluöfnuður var jákvæður um 609 ma.kr í lok árs 2016 eða um sem svarar 5,4 ma. Bandaríkjadala. Gjaldveisluöfnuður umfram skuldir jukust um 251 ma.kr. á árinu. Það var að mestu leyti vegna gjaldveislu Seðlabankans á innlendum gjaldveisluörum. Afkoma gjaldveisluöfnuðar árið 2016 mældist 2,2 ma.kr. undir viðmiði. Það jafngildir -0,5% af meðalstöðu gjaldveisluöfnuðar árið 2016.

Gjaldveisluöfnuðurinn er að stórum hluta ávaxtaður í erlendum verðbréfum en í árslok 2016 var hlutfall verðbréfa um 80% af forða. Á árinu nam ávöxtun skuldabréfasafnsins 0,5% sem var 0,1% undir settu viðmiði.

Innlán voru um 13% af forða, að mestu leyti hjá seðlabönkum og Alþjóðagreiðslubankanum. Innan við 1% af forða voru innstæður hjá fjármálafyrirtækjum í lok árs 2016. Vaxtatekjur innlána voru neikvæðar um 0,1 ma.kr. á árinu. Gulleign Seðlabankans var óbreytt milli ára mæld í þyngdareiningum og var virði hennar um 1% af forða í árslok 2016.

Samkvæmt starfsreglum um gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir ríkisskuldabréf í eigin gjaldmiðli ríkis í Bandaríkjadöllum, evrum og sterlingspundum, innstæður hjá seðlabönkum þessara landa eða Alþjóðagreiðslubankanum. Útgefendur bréfa þurfa að minnsta kosti að hafa lánshæfiseinkunnina AA til að þau geti flokkast undir mjög seljanlegar eignir. Slíkar eignir voru 72% af gjaldeyrisforða Seðlabankans í lok árs 2016.


Á mynd IV-3 má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2016 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með samstæðureikningi.

2. Gjaldveisluöfnuður Seðlabankans er skilgreindur sem eignir bankans í erlendum gjaldveisluöfnuðum í erlendum gjaldveisluöfnuðum.

Tafla IV-1 Ávöxtun skuldabréfa í gjaldeyrisforða árið 2016

	GBP	EUR	USD
Stærð skuldabréfasafns í mynt í árslok (m. USD)	661	2.153	3.053
Skipting skuldabréfasafns í %	11,3	36,7	52,0
Ávöxtun skuldabréfa á árinu %	1,2	1,3	-0,2
- þar af vaxtaferill % (e. curve)	0,3	1,5	-1,9
- þar af vaxtatekjur % (e. carry)	0,7	-0,4	1,2
- þar af vaxtaálag, vaxtaálagsbreyting og afgangsstærð	0,2	0,2	0,5
<i>Ávöxtun með tiliti til viðmiðs</i>			
Ávöxtun umfram viðmið, %	0,7	0,2	-0,4
- þar af vaxtaferill % (e. curve)	0,2	0,1	-0,2
- þar af vaxtatekjur % (e. carry)	0,0	0,1	-0,1
- þar af vaxtaálag, vaxtaálagsbreyting og afgangsstærð	0,5	0,0	-0,1
<i>Ávöxtun heildarskuldabréfasafns</i>			
	Skuldabréfasafn	Viðmið	Mismunur
Ávöxtun skuldabréfasafns án gengisáhrifa, %	0,5	0,6	-0,1

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-5  
Efnahagur Seðlabanka Íslands

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldeyri
- Eignir og skuldir í krónum
- ESÍ
- Aðrar eignir og skuldir
- Seðlar og mynt
- Eigið fé

Heimild: Seðlabanki Íslands.







# V Lánamál ríkissjóðs

## Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara samkvæmt sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið frá 18. október 2010. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu eftir viðmiðum sem ráðuneytið setur um stýringu á lánasafni ríkissjóðs og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og ráðuneytisins. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annast samskipti og miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana og sinni verkum er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánnum, t.d. umsýslu ríkisábyrgða og mati á áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Hann veitir ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins og innheimtir áhættugjald vegna þeirra. Þá sér bankinn um útgáfu skuldbréfa vegna endurlána ríkissjóðs.


## Innlend lánamál

Í lok desember 2015 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs ársáætlun um lánamál ríkissjóðs fyrir árið 2016. Samkvæmt henni var stefnt að því að gefa út ríkisbréf fyrir samtals 50 ma.kr. að söluvirði á árinu til að mæta lánnum sem féllu í gjalddaga. Í ársfjórðungsáætlun fyrir síðasta fjórðung ársins var síðan tilkynnt að útgáfan yrði aukin um allt að 15 ma.kr. eins og heimildir fjárlaga gerðu ráð fyrir. Heildarútgáfan gæti því orðið 65 ma.kr. að söluvirði á árinu. Það markmið náðist og fór öll salan fram í gegnum almenn útboð. Ríkisbréfaflokkurinn RIKB 16 1013 að fjárhæð 70 ma.kr. kom til innlausnar á árinu.

Ársáætlunin fyrir árið 2016 gerði ráð fyrir að staða ríkisvixla myndi lækka um 9 ma.kr. frá fyrra ári og enda í 20 ma.kr. í lok ársins. Seinna á árinu var hins vegar tilkynnt um breytingu á áætluðu útgáfumagni ríkisvixla og gert var ráð fyrir að staða þeirra myndi enda í 10 ma.kr. í árslok 2016. Sú áætlun gekk ekki eftir þar sem staða ríkisvixla endaði í 19 ma.kr. Vert er að hafa í huga að verulegar sveiflur geta verið í vixlaútgáfu á milli mánaða þar sem tímabundin fjárför ríkissjóðs, eftirspurn og ávöxtunarkjör ráða miklu um útgáfumagnið hverju sinni.


Árið reyndist sveiflukennt á óverðtryggðum ríkisbréfamarkaðnum. Í upphafi árs bar þó minna á stórum sveiflum í kröfu ríkisbréfa frá því sem áður var, þar sem hægt hafði verulega á innflæði erlendra fjárfesta í kjölfar væntinga um að aflandskrónuútboð Seðlabanka Íslands væri á næsta leyti. Snemma á árinu hækkaði síðan matsfyrirtækið Standard & Poor's láns hæfismat ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í BBB+ auk þess sem Fitch Ratings staðfesti stuttu seinna láns hæfismat sitt fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum sem BBB+. Mikill kaupáhugi varð í kjölfarið og lækkaði krafan á öllum óverðtryggðum ríkisbréfum.

Mynd V-1  
Skipting lánasafns ríkissjóðs  
í lok árs 2016




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-2  
Óverðtryggð ríkisbréf styttri en 5 ár




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-3  
Óverðtryggð ríkisbréf lengri en 5 ár




Heimild: Seðlabanki Íslands.


Mynd V-4  
Nettókaup markaðsaðila 2016<sup>1</sup>



Mynd V-5  
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs



Mynd V-6  
Þróun skulda ríkissjóðs 2008-2016



Í júní 2016 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál þar sem lagt var til að Seðlabankanum yrði veitt heimild með ákvæði til bráðabirgða að setja reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris. Þannig var Seðlabankanum veitt heimild til að setja reglur um nýtt stjórnþæki, svokallað fjárstreymistæki, til að bregðast við þeirri áhættu sem fylgt getur verulegu innstreymi fjármagns vegna vaxtamunar á milli landa. Á grundvelli þessarar heimildar setti Seðlabankinn reglur sem kváðu á um bindingu reiðufjár vegna nýfjárfestingar, innstæðna og lánveitinga sem gerðar eru fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris. Í kjölfarið hægðist verulega á streymi erlends fjár inn á ríkisskuldabréfamarkaðinn sem olli skarpri hækkun á kröfu ríkisbréfa. Allveruleg lækkun varð síðan í ágúst á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa þegar peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti um 0,5 prósentur. Skömmu seinna tilkynnti matsfyrirtækið Moody's að það hefði hækkað láns-hæfiseinkunn Íslands úr Baa 1 fyrir innlenda gjaldmiðil í A1 og úr Baa 2 fyrir erlenda gjaldmiðla í A3 sem olli áframhaldandi lækkun á kröfu óverðtryggðra bréfa.

Ávöxtunarkrafan hélt síðan áfram að lækka þegar líða tók á árið vegna væntinga markaðarins um að Seðlabankinn myndi lækka stýrivexti enn frekar undir lok árs. Það reyndist síðan verða raunin í desember þegar meginvextir Seðlabankans voru lækkaðir um 0,25 prósentur.

Stefna í lánamálum ríkisins 2017-2021 var birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu um mitt árið. Í samræmi við ný lög um opinber fjármál er stefnan nú í fyrsta sinn sett fram á grundvelli fjármálaáætlunar og markmið í lánamálum því sett til fimm ára. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárför og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Í stefnunni var birt ákvörðun um að hefja undirbúning að útgáfu vaxtaskiptasamninga á innlendum markaði og er ríkissjóði veitt heimild til að gera slíka samninga fyrir allt að 20-40 ma.kr. á ári. Jafnframt var ákveðið að hefja virkari stýringu á lausafé ríkissjóðs. Markmiðið er að draga úr sveiflum á innstæðum ríkissjóðs í Seðlabankanum og að halda stöðunni að jafnaði í 40 ma.kr. Til þess að ná þessu markmiði getur ríkissjóður tekið lán eða veitt markaðsaðilum lán til til skamms tíma. Umsýsla lánanna verður í höndum Lánamála ríkissjóðs.

## Erlend lánamál

Í árslok 2016 námu erlendar skuldir 203 ma.kr. og lækkuðu þær um rúma 104 ma.kr. á árinu. Lækkunin er að mestu tilkomin vegna upp-

Tafla V-1 Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2016

M.kr.	Nafnverð m/áföllnum verðbótum
Óverðtrygðar skuldir	672.599
Verðtrygðar skuldir	247.594
Erlendar skuldir	202.685
Samtals	1.122.878

Heimild: Seðlabanki Íslands.

greiðslu lána auk gengisstyrkingar íslensku krónunnar. Í janúar var greitt upp lán á gjalddaga sem tekið var 1981 og 1983 að nafnverði 28 m. breskra punda og í júní féllu í gjalddaga 503 milljónir Bandaríkjadala, eftirstöðvar af 1.000 milljóna dala láni sem tekið var árið 2011. Gjalddeyrisstaða ríkissjóðs er góð og gjalddeyrisforði Seðlabankans fjármagnaður með krónum hefur vaxið mikið þannig að ekki var talin þörf á að endurfjármagna erlendu lánin sem féllu í gjalddaga.

### Ríkisábyrgðir og endurlán

Ríkissjóður má ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema heimild sé veitt til þess í lögum, samanber lög nr. 121/1997. Vegna áhættu ríkissjóðs skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs en hann hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar sem ábyrgðin hvílir á. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2016 námu 1.039 ma.kr. en voru 1.129 ma.kr. í árslok 2015.

### Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs


Þrjú alþjóðleg matsfyrirtæki meta lánshæfi Ríkissjóðs Íslands með reglubundnum hætti; Fitch Ratings, Moody's Investor Service og S&P Global Ratings. Seðlabanki Íslands annast regluleg samskipti við matsfyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Lánshæfismat hefur áhrif á lánskjör á alþjóðlegum lánamarkaði og er vísbending um þau vaxtakjör sem bjóðast lántakanda. Allar lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs teljast til fjárfestingarflokks. Tvö matsfyrirtækjanna, Moody's og S&P, hækkuðu lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs á árinu 2016.

Fitch Ratings staðfesti BBB+ lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli í janúar 2016. Landspak var staðfest sem BBB+ og F2 einkunn fyrir skammtímaskuldir í erlendum gjaldmiðli ásamt víxlum. Fitch staðfesti lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs að nýju í júlí og ítrekaði jafnframt þá þætti sem gætu haft áhrif til hækkunar eða lækkunar. Áframhaldandi hagvöxtur án efnahagslegs ójafnvægis, batnandi skuldahlutfall hins opinbera og skynsamleg stefna í ríkisfjármálum auk bata í ytri stöðu þjóðarbúsins myndu hafa áhrif til hækkunar. Á hinn bóginn myndi ofhitnun hagkerfisins ásamt minnkandi aðhaldi í ríkisfjármálum með tilheyrandi áhrifum á skulda-hlutföll og ójafnvægi í ytri stöðu þjóðarbúsins hafa áhrif til lækkunar.

Í júní 2016 ákvað Moody's að endurmeta lánshæfiseinkunn ríkissjóðs með hækkun í huga og í september var einkunnin hækkuð um tvö þrep, í A3 úr Baa2, með stöðugum horfum. Landspak á útgáfu í innlendum og erlendum gjaldmiðli var jafnframt hækkað í A1 og A3 og þak fyrir erlendar skammtímaskuldir og innstæður var áfram P-2. Í takt við fyrri yfirlýsingar matsfyrirtækisins réðu tveir megináhrifavaldar hækkun einkunnarinnar, annars vegar væntur áframhaldandi bati á skuldastöðu ríkissjóðs og hins vegar yrði mögulegt vegna varfærinnar framkvæmdar að halda áfram losun gjalddeyrishafta án þess að raska efnahagslegum og fjármálalegum stöðugleika.

Mynd V-7

Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir 2006-2016



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Í janúar 2016 hækkaði S&P Global Ratings lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldbindingar í BBB+ úr BBB, með stöðugum horfum. S&P staðfesti einnig óbreytta lánsþæfiseinkunn A-2 fyrir skammtímaskuldbindingar. Ákvörðunin var byggð á því mati S&P að áætlun um aðgerðir stjórnvalda til að losa fjármagnshöft væri trúverðug, styrkti viðkvæma erlenda stöðu þjóðarbúsins og drægi úr þrýstingi á gengi krónunnar. S&P undirstrikaði einnig gildi aðgerðanna fyrir skuldastöðu ríkissjóðs og sagði hækkun lánsþæfismatsins byggða á þeirri forsendu að andvirði tekna af stöðugleikaframlagi sem kynnu að falla til ríkisins yrði notað til að greiða niður skuldir en ekki með neinum þeim hætti sem stuðlaði að ofhitnun hagkerfisins.



## VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands annast fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu eða eftir því sem honum er falið með lögum.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands fer með formleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) fyrir hönd íslenska ríkisins. Sendinefnd frá AGS átti viðræður við stjórnvöld um stöðu og horfur í þjóðarbúskap Íslands í mars. Í kjölfarið fór reglubundin umræða um Ísland fram í framkvæmdastjórn AGS í júní, í samræmi við fjórðu grein stofnsáttmála AGS (e. Article IV Consultation). Sendinefnd frá AGS kom aftur í stutta heimsókn síðla árs. Allar skýrslur AGS um reglubundið eftirlitsstarf hans á Íslandi eru birtar á heimasíðum sjóðsins og Seðlabanka Íslands.

Ísland starfar með Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn AGS á árinu 2016 var Sviinn Thomas Östros. Skrifstofa kjördæmisins í AGS tekur tvisvar á ári saman greinargerð um þau málefni sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar auk afstöðu kjördæmisins til þeirra. Þessar greinargerðir eru birtar á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (e. IMFC) fundar tvisvar á ári í tengslum við vorfund og ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Már Guðmundsson seðlabankastjóri er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (e. Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi AGS ár hvert.

### Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (e. Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka og er upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði peningamála og fjármálastöðugleika. Auk þess veitir bankinn seðlabönkum ýmiss konar bankaþjónustu. Seðlabankastjóri sótti á árinu reglulega fundi seðlabankastjóra sem haldnir eru á vegum Alþjóðagreiðslubankans.

### Efnahags- og framfarastofnunin

Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

### Samstarf við seðlabanka og fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands á margvíslegt og reglubundið samstarf við seðlabanka á Norðurlöndunum og víða í Evrópu. Seðlabankastjóri situr reglulega fundi með seðlabankastjórum og yfirmönnum stofnana sem annast fjármálaeftirlit á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum.



Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Financial Stability Board (FSB) en það er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum. Þá sækir fulltrúi bankans fundi EBA (e. European Banking Authority). Undir lok árs undirritaði Seðlabanki Íslands ásamt seðlabönkum Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Eistlands, Lettlands og Litháen samkomulag um viðbrögð við fjármálaáfalli í banka sem starfar í fleiri en einu landanna. Á árinu endurnýjuðu Seðlabanki Kína og Seðlabanki Íslands í annað sinn tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamning sín í milli til þriggja ára.

#### Aðrar fjármálastofnanir

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lána-  
málum ríkissjóðs og önnur áþekk viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir.



## VII Sérstök verkefni

### Gjaldeyriseftirlit

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Starfsemi gjaldeyriseftirlits felst í að sinna almennu og sértæku eftirliti samkvæmt lögnum, leiðbeina einstaklingum og lögaðilum, afgreiða umsóknir um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál og rannsaka meint brot á lögum um gjaldeyrismál og lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og reglum settum á grundvelli laganna. Gjaldeyriseftirlit sinnir jafnframt ýmsum öðrum verkefnum, s.s. í tengslum við losun fjármagnshafta, nýfjárfestingu hérlandis, eftirlit með gjaldeyrisútboðum Seðlabankans, reglusetningu og eftirfylgni við skilyrtar undanþágur.

Á fyrri hluti ársins 2016 var unnið að laga- og reglusetningu um eignir í aflandskrónum. Á síðari hluta ársins tók við undirbúningur lagafrumvarps og reglusetningar sem var liður í losun fjármagnshafta og laut að heimilum og fyrirtækjum. Þeirri vinnu lauk með breytingu á lögum og reglum um gjaldeyrismál á haustmánuðum.

Á árinu 2016 bárust Seðlabankanum 1020 beiðnir um undanþágur frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Lokið var afgreiðslu á 995 beiðnum, þar af var 631 samþykkt, 11 samþykktar að hluta, 80 hafnað og 273 lokið með öðrum hætti, þær afturkallaðar eða lokið með leiðbeiningum. Seðlabankinn veitti lífeyrissjóðum undanþágur til erlendar fjárfestingar fyrir samtals 85 ma.kr. og nýttu þeir heimildir fyrir samtals 67,9 ma.kr. eða um 80% af veittum heimildum. Á árinu 2016 bárust Seðlabankanum 559 tilkynningar um nýfjárfestingu, sbr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál, og nam heildarfjárhæð hennar 95,8 ma.kr.

Í júní 2016 tóku gildi reglur Seðlabankans um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris vegna fjárfestingar hér á landi. Sex tilvik voru um fjárfestingu sem háð var bindingu samkvæmt reglunum og voru samtals 112 m.kr. bundnar í samræmi við reglurnar.<sup>1</sup> Heildarfjöldi staðfestingarbeiðna á grundvelli ákvæða laga um gjaldeyrismál var 620, en þar af voru 578 staðfestar, 16 var hafnað, sjö voru staðfestar að hluta og 19 voru afturkallaðar. Seðlabankanum bárust 17 beiðnir um staðfestingu vegna beinnar erlendar fjárfestingar og nam heildarfjárfesting alls 709 m.kr.<sup>2</sup> Þá barst Seðlabankanum 61 beiðni um staðfestingu vegna fjárfestingar í fasteignum erlendis fyrir samtals 2,8 ma.kr.<sup>3</sup> Á árinu 2016 bárust Seðlabankanum samtals 60 tilkynningar um nýtingu aðila á heimild til fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta vegna fjárfestingar í verðbréfum fyrir samtals 340

1. Seðlabankinn setti hinn 6. júní 2016 reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris á grundvelli bráðabirgðaákvæðis III í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

2. Með samþykkt laga nr. 105/2016, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, varð bein erlend fjárfesting ótakmörkuð en háð staðfestingu Seðlabankans.

3. Með samþykkt laga nr. 105/2016, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, varð einstaklingum heimilt að fjárfesta í einni fasteign erlendis á almanaksári en háð staðfestingu Seðlabankans. Heildarútlæði nam 1,2 ma.kr.

m.kr. Þá bárust Seðlabankanum á árinu samtals 15 tilkynningar um nýtingu aðila á heimild til fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta vegna uppgreiðslu lána erlendis fyrir samtals 141 m.kr.<sup>4</sup>

Í árslok 2016 námu aflandskrónueignir samtals 191 ma.kr. og höfðu lækkað um 128 ma.kr. frá 31. mars 2016 vegna þátttöku í gjald-eyrisútboði, útgönguglugga til 1. nóvember 2016, vaxtagreiðslna og endurmats á afmörkun og markaðsverðmæti aflandskrónueigna. Í árslok var stærstur hluti þessara eigna í formi ríkisbréfa, ríkisvixla og annarra bréfa með ríkisábyrgð eða 105,6 ma.kr., aflandskrónueignir í formi reiðufjár og innstæðubréfa Seðlabankans 72,7 ma.kr. og í öðru eignarformi 12,8 ma.kr. Á árinu bárust 312 staðfestingarbeiðnir á heimildum einstaklinga til úttekta á grundvelli 12. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, fyrir samtals 66 m.kr.

Á árinu 2016 voru 59 ný mál skráð vegna meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrimál. Á árinu lauk 67 rannsóknarmálum á stjórnsýslustigi með sátt, stjórnvaldssekt eða niðurfellingu. Ekki komu upp mál á árinu vegna meintra brota á lögum og reglum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

## Mikilvæg skref að losun fjármagnshafta á árinu

### Áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta

Uppfærð áætlun um losun fjármagnshafta var kynnt árið 2015 en hún gerði ráð fyrir áfangaskiptri losun sem tók mið af helstu áhættuþáttum sem sneru að stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármála-stöðugleika. Fyrsti áfangi yrði úrlausn slitabúa fallinna viðskiptabanka og sparisjóða, annar afmörkun og úrlausn aflandskrónueigna og sá þriðji almenn losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki. Byggðist áætlunin á almennri nálgun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hvernig skuli staðið að losun fjármagnshafta og því grundvallarmarkmiði að tryggja að gjaldeyrisforði sé nægur og áhætta á verulegu útfærði gjaldeyris lágmarkuð. Fyrsta áfanga var lokið snemma árs 2016.

### Lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum

Á fyrri hluta ársins 2016 var unnið við undirbúning að lagasetningu sem sneri að eignum í aflandskrónum með það að markmiði að afmarka þær og koma í veg fyrir óæskileg neikvæð áhrif á gengi og gjaldeyrisforða vegna þeirra en á sama tíma að heimila þeim útgöngu í lokaútboði Seðlabankans svo að unnt yrði að losa um fjármagnshöft. Seðlabankinn hafði frá árinu 2011 haldið útboð fyrir aflandskrónueigendur með það að markmiði að liðka fyrir losun fjármagnshafta. Að mati bankans skapaði það hættu á mikilli gengislækkun ef aflandskrónueigendur fengju óhindraðan aðgang að innlendum gjaldeyrismarkaði, nema Seðlabankinn seldi erlendan gjaldeyri í miklum mæli úr forða til mótvægis. Eigendur aflandskróna yrðu að litlu leyti fyrir þessum neikvæðu áhrifum, sér í lagi þeir sem ekki ættu eignir innanlands eftir að hafa losað stöður sínar í gegnum gjaldeyrismarkaðinn.

4. Með samþykkt laga nr. 105/2016, um breytingu á lögum um gjaldeyrimál, varð einstaklingum heimilt að fjárfesta erlendis eða fyrirframgreiða erlendar skuldbindingar fyrir allt að 30 m.kr. Heimildin hækkaði í 100 m.kr. um áramótin.

Þrátt fyrir viðleitni stjórnvalda fram að uppfærslu áætlunar um losun fjármagnshaftra og meðhöndlun áhættunnar sem fólst í aflandskrónueignunum var ekki unnt að tryggja að henni yrði að fullu eytt með þeim valfrjálsum ráðstöfunum sem aflandskrónueigendum höfðu staðið til boða. Losun fjármagnshaftra, án fyrirbyggjandi aðgerða gagnvart aflandskrónuvandanum, myndu óhjákvæmilega fylgja hliðarverkanir sem gætu stefnt efnahagslegum og fjármálalegum stöðugleika í hættu.

Brýnt var orðið að létta fjármagnshöftum af heimilum og fyrirtækjum. Til þess að það yrði kleift þurfti að afmarka útistandandi eignir í aflandskrónum með tryggum hætti þannig að þær myndu ekki tefla almennri losun fjármagnshaftra á heimili og fyrirtæki í tvísýnu.

Tafla VII-1 Aflandskrónueignir

Eignaflokkar aflandskróna, ma.kr.	31. mars 2016	31. desember 2016
Reiðufé	93,8	72,7
Ríkisbréf, ríkisvixlar og önnur bréf með ríkisábyrgð	176,5	105,6
Annað	48,8	12,8
Samtals	319,1	191,1

Heimild: Seðlabanki Íslands.

### Gjaldeyrisútboð og útgöngugluggi

Hinn 16. júní 2016 hélt Seðlabankinn útboð á erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir reiðufé í krónum sem féllu undir skilgreiningu laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Hinn 21. júní 2016 kynnti Seðlabankinn helstu niðurstöður útboðsins og bauðst bankinn í framhaldinu til þess að kaupa aflandskrónur sem ekki voru seldar í útboðinu á útboðsgengi sem var ákvarðað 190 kr. fyrir evru fram til 27. júní 2016. Alls bárust 1.715 tilboð og var 1.688 tilboðum tekið eða 98,4% af fjölda tilboða. Fjárhæð samþykkrta tilboða nam um 83 ma.kr. af 188 ma.kr. sem boðnar voru í útboðinu og tilboðsferlinu í kjölfar útboðsins. Gjalddeyrisforði lækkaði um 54 ma.kr. í kjölfar útboðsins.

Fram til 1. nóvember 2016 bauðst eigendum aflandskróna að eiga gjaldeyrisviðskipti við Seðlabankann á viðmiðunargengi sem var ákveðið 220 kr. fyrir evru í lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Samtals nýttu 960 eigendur aflandskróna sér heimildina fyrir alls 15,3 ma.kr.

Útboð Seðlabankans og tímabundin heimild eigenda aflandskróna til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann stuðluðu að útfærðum

Tafla VII-2 Gjalddeyrisútboð júní 2016

Eignaflokkar aflandskróna	M.kr.
Reiðufé	46.260
Innstæðubréf Seðlabankans	5.448
Ríkisbréf	15.484
Ríkisvixlar	7.163
Skuldabréf Íbúðalánasjóðs	559
Önnur verðbréf <sup>1</sup>	7.971
Samtals	82.885

1. Hefur ekki bein áhrif á gjalddeyrisforða.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

aflandskróna án neikvæðra áhrifa á innlendan gjaldeyrismarkað og í kjölfarið minnkuðu eignir í aflandskrónum verulega. Þeir eigendur aflandskróna sem eftir standa eru minni og einsleitari hópur en áður sem samanstendur aðallega af fáeinum vogunarsjóðum og sjóðastýringarfélagum. Eftirstöðvar eigna í aflandskrónum voru fluttar á reikninga sem háðir eru sérstökum takmörkunum hjá innlánsstofnunum og á umsýslureikninga í Seðlabankanum í samræmi við áðurgreind lög um meðferð eignanna. Eigendur þeirra hafa eftir sem áður umráða- og ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum, geta tekið út og skipt á innlendum gjaldeyrismarkaði öllum vaxta- og arðgreiðslum og stundað viðskipti með eignirnar á álands- og aflandsmarkaði. Fyrir útboðið í júní voru aflandskrónueignir áætlaðar um 319 ma.kr. eða um 15% af VLF. Í árslok 2016 höfðu þær lækkað í 191 ma.kr. eða um 7,5% af VLF.

### Losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki

Í kjölfar lagasetningar um aflandskrónueignir hófst vinna við lagafrumvarp sem var liður í losun fjármagnshafta og var það lagt fram á Alþingi í ágúst og varð að lögum í október.


Með gildistöku laganna voru stigin veigamikil skref í átt að fullri losun fjármagnshafta. Þær meginbreytingar sem gerðar voru á lögnum fela í sér auknar heimildir einstaklinga og fyrirtækja til fjármagnshreyfinga á milli landa og gjaldeyrisviðskipta, auk afnáms tiltekinna takmarkana sem gilt hafa um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa. Heimildir Seðlabankans til upplýsingaöflunar á grundvelli lögbundins hlutverks hans sem seðlabanka voru samhliða auknar sem gera honum kleift að sjá betur fyrir áhættu sem kann að safnast upp í hagkerfinu. Samhliða gildistöku laganna voru reglur um gjaldeyrisráðgjafar uppfærðar ásamt leiðbeiningum þar um.

Við samþykkt laganna varð bein erlend fjárfesting ótakmörkuð, fjárfesting í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri, í öðrum peningakröfum í erlendum gjaldeyri, fyrirframgreiðsla og uppgreiðsla lána heimil fyrir jafnvirði 30 m.kr. og fasteignakaup erlendis á einni fasteign á ári heimil auk þess sem ýmsar sértækar takmarkanir voru afnumdar eða rýmkaðar. Jafnframt fólst í lögnum að í ársbyrjun 2017 myndu fjárhæðarmörk hækka í 100 m.kr. og innstæðuflutningur yrði heimill innan þeirra marka. Jafnframt voru reglur um gjaldeyrisráðgjafar uppfærðar þar sem frekari tilslakanir voru gerðar á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum á milli landa. Fyrstu skref sem stigin voru í átt að fullri losun fjármagnshafta á haustmánuðum gengu vel fyrir sig. Frá gildistöku laganna til áramóta nam bein erlend fjárfesting 2,8 ma.kr., fjárfesting í verðbréfum og fyrirframgreiðsla lána 481 m.kr. og fjárfesting í fasteignum erlendis 1,2 ma.kr.

### Fjárstreymistæki

Eftir að stjórnvöld kynntu uppfærða áætlun um losun fjármagnshafta í júní 2015 jókst innflæði erlends gjaldeyris mikið, einkum innflæði í tengslum við fjárfestingu í ríkisskuldabréfum. Á tímabilinu frá júní 2015 til júní 2016 nam nýfjárfesting í ríkisskuldabréfum samtals 83,2 ma.kr. en hafði frá því að nýfjárfesting var fyrst heimil og fram í júní 2015 numið samtals 158 m.kr. (mynd VII-1). Þessi fjárfesting hafði

Mynd VII-1  
Fjármagnsflæði vegna skráðrar nýfjárfestingar  
Janúar 2015 - janúar 2017



Heimild: Seðlabanki Íslands.



talsverð áhrif á skuldabréfamarkað og miðlun peningastefnunnar um vaxtafarveginn. Seðlabankinn taldi að áhætta væri byrjuð að safnast upp og nauðsynlegt að bregðast við henni. Í aðdraganda gjaldeyrisútboðs Seðlabankans var frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjaldeyrisráðgjafi á Alþingi sem heimilaði Seðlabankanum að setja reglur til að hafa áhrif á fjármagnsinnstreymi með það að markmiði að minnka framangreinda áhættu þar sem líkur voru taldar á að hún gæti aukist enn frekar í kjölfar útboðsins. Seðlabankinn setti í kjölfarið reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris eða svokallað fjárstreymistæki (e. capital flow management measure).

Eftir að reglurnar voru settar hefur bindingarskyld nýfjárfesting samkvæmt reglunum verið lítil, en heildarfjárhæð bindingarskyldrar fjárfestingar eftir gildistöku reglnanna nam samtals 279 m.kr. þar sem 40% fjárhæðar eru bundin til eins árs vaxtalaust. Það er því ljóst að fjárstreymistækið skilaði tilætluðum árangri.

### Greiðsluveitan ehf.

Greiðsluveitan ehf. er félag í eigu Seðlabanka Íslands. Meginhlutverk félagsins er að starfrækja grunnkerfi greiðslumiðlunar ásamt tengdri þjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Greiðsluveitan hefur einnig með höndum tiltekna þætti í rekstri stórgreiðslukerfis Seðlabanka Íslands en stórgreiðslukerfið og jöfnunarkerfi félagsins eru kerfislega nátengd og að hluta til samhæfð.

Fjórir starfsmenn bankans sátu í stjórn Greiðsluveitunnar á árinu 2016, þ.e. Guðmundur Kr. Tómasson sem var formaður, Tómas Örn Kristinsson, Gerður Ísberg og Páll Kolka Ísberg. Auk þeirra sat Helga Hlín Hákonardóttir í stjórn félagsins sem óháður stjórnarmaður, skipuð af seðlabankastjóra.

### Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)

Í kjölfar falls fjármálaþyrskots á Íslandi haustið 2008 varð Seðlabanki Íslands stór kröfuhafi í bú innlendra fjármálaþyrskots. Kröfurnar voru tryggðar með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs í árslok 2008, en Seðlabankinn hafði umsýslu með þeim. Kröfurnar voru færðar til Seðlabankans á ný á fyrri hluta ársins 2010.

Í lok árs 2009 voru umræddar eignir fluttar í sérstakt félag í eigu Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Í lok árs 2016 átti ESÍ tvö dótturfélög, Hildu ehf., sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2011, og SPB ehf., sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2016.

Í lok árs 2016 nam efnahagur samstæðu ESÍ um 42,7 ma.kr. og hafði dregist saman um ríflega 90,8 ma.kr. frá því í lok árs 2015 sem að mestu leyti má rekja til sölu eigna og niðurgreiðslu skulda við Seðlabankann. Hagnaður samstæðunnar nam um 34,7 ma.kr. eftir skatta.

Í stjórn ESÍ eru Jón Þ. Sigurgeirsson stjórnarformaður og Sigríður Logadóttir meðstjórnandi. Í stjórn Hildu ehf. eru Haukur C. Benediktsson stjórnarformaður og Steinar Þór Guðgeirsson meðstjórnandi. Í stjórn SPB ehf. eru Haukur C. Benediktsson stjórnarformaður og Guðmundur Ingvi Sigurðsson meðstjórnandi.

## Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Hinn 31. maí 2016 fór fram fimmta úthlutun menningarstyrks sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra. Alls bárust 26 umsóknir og úthlutunarnefndin valdi þrjú verkefni sem hlutu styrkinn.

Einar Falur Ingólfsson hlaut 700 þ.kr. styrk til myndlistarverkefnis undir vinnuheitinu „EF & JL“ þar sem Einar Falur ljósmyndar sömu staði og Johannes Larsen teiknaði sumrin 1927 og 1930 fyrir dönsku útgáfu Íslendingasagnanna. Afrakstur verkefnisins verður svo bæði bók með ljósmyndum og skrifum Einars Fals ásamt teikningum eftir Larsen og sýning á verkum þeirra Larsens í safni á Fjóni og í Reykjavík.

Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir hlutu 800 þ.kr. styrk til verkefnisins „Ferðafélaginn“. Um er að ræða eins konar ferðabók fyrir börn sem hægt verður að nota bæði á vefnum og á prenti. Verkefnið miðar að því að láta börnum í té efni og upplýsingar um íslenska náttúru og þau margvíslegu fyrirbæri sem þar er að finna.

Gunnsteinn Ólafsson og Hallgrímur Helgason hlutu einnar og hálftrar milljónar króna styrk til verkefnisins „Höfuðlausn – ópera í fjórum þáttum“. Verkið er byggt á frásögn Egils sögu af því þegar Egill Skallagrímsson bjargar lífi sínu með skáldskapnum. Óperunni er ætlað að höfða sérstaklega til yngri kynslóða og miðla þannig Egils sögu til þeirra í gegnum óhefðbundið form, óperutónlistina. Gunnsteinn semur tónlistina og Hallgrímur skrifar handritið.

Í úthlutunarnefnd sitja Hildur Traustadóttir, varafulltrúi í bankaráði Seðlabanka Íslands, formaður, Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



# VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

## Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2016 að fjárhæð 34.696 m.kr. en árið 2015 var hagnaður 5.561 m.kr. Að gengismun og tekjuskatti undanskildum var 61.226 m.kr. hagnaður af rekstri Seðlabankans á árinu 2016 samanborið við 16.058 m.kr. hagnað á árinu 2015. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti en félög í eigu hans greiða tekjuskatt. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans. Gengistap á árinu 2016 nam alls 88.745 m.kr. sem rekja má til samspils tiltölulega stórs gjaldeyrisforða og styrkingar krónunnar á árinu, en á árinu 2015 nam gengistap 8.353 m.kr. Þrátt fyrir mikil gjaldeyriskaup á árinu hækkaði gengi krónunnar um 18,4%.

Afkoma bankans versnaði um 40.348 m.kr. miðað við árið á undan. Viðsnúningur varð á vaxtatekjum og vaxtagjöldum. Hrein vaxtagjöld námu um 12.107 m.kr. á árinu 2016 en árið 2015 námu þau um 3.069 m.kr. Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 11.121 m.kr. milli ára sem rekja má til sölu innlendra eigna sem og uppgreiðslu skulda við bankann og þá aðallega lækkunar skuldabréfs ríkissjóðs. Vaxtagjöld af innlendum lausum og bundnum innstæðum jukust um 4.753 m.kr. vegna aukinna bundinna innlána samhliða miklum gjaldeyriskaupum bankans á árinu í reglubundnum og óreglubundnum viðskiptum.

Aðrar rekstrartekjur bankans jukust um 62.499 m.kr. milli ára. Gengishagnaður vegna aflandskrónuútboðs bankans nam 29.188 m.kr. Uppgjör föllnu fjármálafyrirtækjanna við ESI skilaði hárrí tekjufærslu vegna verðendurmats innlendra skuldabréfa og krafna. Einnig var bakfærð áður færð virðisrýrnun krafna ESI um 4.213 m.kr. á árinu 2016 sem kemur til vegna betri endurheimtna af kröfum á gjaldþrota fjármálafyrirtæki. Handbært fé var yfir 90% af heildareignum eignasafns ESI og dótturfélaga í árslok. Verðendurmat erlendra verðbréfa nam 3.770 m.kr. til gjalda á árinu en markaðsverð á gulleign bankans hækkaði um 861 m.kr. Þjónustutekjur umfram þjónustugjöld lækkuðu um 127 m.kr. milli ára. Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum nam 28.389 m.kr., sem rekja má að mestu til aflandskrónuútboðs sem fram fór á árinu. Rekstrargjöld bankans hækkuðu um 253 m.kr. milli ára, einkum vegna hækkunar á launum og launatengdum gjöldum um 9% vegna kjarasamningsbundinna hækkana sem og fjölgunar starfsmanna.

Eignir bankans námu alls 876.071 m.kr. í árslok 2016 en voru 916.977 m.kr. í lok ársins 2015. Erlendar eignir jukust á árinu um 162.851 m.kr. Gjaldyrisinnstreymi á árinu 2016 var mikið og velta á gjaldeyrismarkaði jókst. Seðlabankinn keypti gjaldeyri af viðskiptavökum fyrir um 386 ma.kr. á árinu. Eigið fé bankans nam 44.067 m.kr. í árslok 2016 og eiginfjárlutfall bankans var 5,0% samanborið við 8,6% í árslok 2015. Í árslok 2016 námu erlendar eignir bankans um

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2016	2015	Breyting
Afkoma á árinu	(34.696)	5.651	(40.348)
Breytingar greinast þannig:			
Hrein (vaxtagjöld) tekjur	(12.107)	3.069	(15.176)
Aðrar tekjur	73.458	10.958	62.499
þ.a. a) Gengishagnaður aflandskrónu-útboðs	29.188	0	29.188
b) Tekjur tengdar ESI	46.275	19.033	27.242
Rekstrargjöld	(4.338)	(4.085)	(253)
Bakfærð virðisrýrnun krafna	4.213	6.116	(1.904)
Gengsimunur	(88.745)	(8.353)	(80.392)
Tekjuskattur	(7.177)	(2.054)	(5.123)

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2016	2015	Breyting
Eigið fé:	44.067	78.760	(34.692)
Breyting greinist þannig:			
Eignir:			
Gulleign	8.310	8.790	(481)
Erlendar eignir	797.712	641.607	156.105
Gjaldyrisstaða við AGS	10.596	3.369	7.227
Innlendar fjáreignir	51.447	250.761	(199.314)
Varanl. rekstrarfjármunir	4.794	4.811	(17)
Aðrar eignir	3.213	7.639	(4.427)
Skuldir:			
Seðlar og mynt	62.328	55.671	6.657
Erlendar skuldir	24.540	2.060	22.479
Mótvirði við AGS	17.030	20.156	(3.126)
Innstæður fjármálast.	71.158	67.644	3.514
Aðrar innstæður	307.826	448.529	(140.703)
Innlendar fjárskuldir	340.037	242.199	97.838
Aðrar skuldir	9.085	1.959	7.126
Eigið fé bankans	44.067	78.760	(34.692)

93% af heildareignum en voru í árslok 2015 71% af heildareignum. Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

### Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar Seðlabanka Íslands samkvæmt aðferð sem innleidd var með lögum nr. 122/2014. Annars vegar er stuðst við greiningu á virðisendurmati og hins vegar mat Seðlabankans á þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Jákvæðu virðisendurmati er ráðstafað inn á varasjóð, sérstakan reikning meðal eiginfjárliða sem tekur til óinnleystra tekna og gjalda. Neikvætt virðisendurmat er tekið af varasjóðum eins og hægt er en að öðrum kosti er neikvætt virðisendurmat fært á móti innleystum hagnaði. Standi varasjóður eða innleystur hagnaður ekki undir neikvæðu virðisendurmati að fullu er afgangurinn tekinn af eiginfjárreikningnum „annað eigið fé“. Þessi aðferðafræði veldur því að hagnaður sem ráðstafað er í ríkissjóð verður jafnari.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Til þess að tryggja þetta markmið er hagnaði bankans, eftir að gerðar hafa verið færslur á varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í því skyni ákveður Seðlabankinn á hverju ári eiginfjármarkmið fyrir bankann sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma.

Þar sem afkoma bankans var neikvæð á árinu 2016 kemur ekki til þess að taka þurfi ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.

Seðlabankinn gerir árlega greiningu á horfum í rekstri og áhættu auk sviðsmyndagreiningar. Að þessi sinni voru framreikningar gerðir til ársins 2025 til að tryggja að áhrif hugsanlegra aðgerða til að bæta afkomu kæmu að fullu fram á tímabilinu. Greiningin sýnir að án innköllunar eigin fjár yrði afkoman neikvæð um 18 ma.kr. á ári frá og með árinu 2018. Tapið skýrist af stærð gjaldeyrisforðans og miklum vaxtamun við útlönd. Neikvæður vaxtamunur er stærsti kostnaðarliður bankans og er afkoma hans næm fyrir vaxtabreytingum. Þannig bætir 1% minni vaxtamunur afkomu bankans um u.þ.b. 13 ma.kr. á ári.

Stór gjaldeyrisforði skapar traust út á við og skilar sér í betri lánskjörum ríkissjóðs, banka og annarra innlendra aðila sem sækja fjármagn á erlenda markaði. Því kann að vera rökrétt að fleiri aðilar deili með sér kostnaði af forðahaldinu. Ýmsar leiðir eru til skoðunar í því sambandi.

Bankinn hefur sett sér eiginfjármarkmið að fjárhæð 150 ma.kr. Sé gengið út frá núverandi aðstæðum og ekki reiknað með neinum aðgerðum til að bæta afkomuna eða dreifa kostnaði við forðahald á fleiri myndi reiknað eiginfjármarkmið vera mun hærra. Ekki er þó raunhæft að gera ráð fyrir að núverandi ástand sé viðvarandi og ljóst að staða bankans mun styrkjast þegar um hægist í efnahagslífinu innan lands og/eða betur árar í heimsbúskapnum. Á árinu 2017 mun bókfærð staða bankans batna vegna kaupa á aflandskrónum en ekki er útséð hve mikil áhrifin verða.

Þá eru til skoðunar aðgerðir til að draga úr kostnaði bankans við forðahaldið eins og áður segir. Bankinn telur því ekki tímabært að taka ákvörðun um innköllun á eigin fé á grundvelli 34. gr. laga nr. 36/2001.

## Stjórn og starfslið

### Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands, sem kosið er af Alþingi að loknum hverjum Alþingiskosningum, skuli sitja sjö fulltrúar. Bankaráð var kjörið á Alþingi 5. júlí 2013 og var þannig skipað í upphafi árs að formaður var Þórunn Guðmundsdóttir. Aðrir aðalfulltrúar voru Jón Helgi Egilsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Ragnar Árnason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björn Valur Gíslason og Auður Hermannsdóttir. Bára Valdís Ármannsdóttir var kjörin varafulltrúi í lok árs 2015 í stað Lindu Bjarkar Bentsdóttur sem sagði af sér sem varafulltrúi á árinu 2015. Ingvi Hrafn Óskarsson sagði af sér sem varafulltrúi á fyrri hluta ársins og var Þórlindur Kjartansson kjörinn í hans stað. Aðrir varafulltrúar voru í árslok Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Leó Löve, Sigrún Elsa Smáradóttir, Hildur Traustadóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Bankaráð hélt 14 fundi á árinu.

### Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri

Á árinu gegndi Már Guðmundsson embætti seðlabankastjóra en hann var skipaður í annað sinn til fimm ára frá og með 20. ágúst 2014. Arnór Sighvatsson gegndi embætti aðstoðarseðlabankastjóra en hann var endurskipaður til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

### Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex megin svið og þrjú stoðsvið, auk skrifstofu alþjóðasamskipta og seðlabankastjóra. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast einnig regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar innlendar og erlendar stofnanir.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála, Hagvísu, Working Papers, Efnahagsmála og Economy of Iceland*. Hagfræði og peningastefna skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Markaðsviðskipti og fjárstýring hefur umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.



Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrismál sé framfylgt. Enn fremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjald-eyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál. Þá hefur gjaldeyriseftirlitið einnig heimild til að hefja rannsókn vegna ætlaðra brota á lögnum. Seðlabankinn getur lokið málum sem varða minni háttar brot á stjórnsýslustigi með álagningu stjórnvaldssekta eða með sátt. Meint meiri háttar brot gegn lögnum ber Seðlabankanum að kæra til lögreglu.

Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar og vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglu- legri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðla- bankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í *Hagtölum Seðlabankans* á heimasíðu sinni. Sviðið skiptist í þrjár einingar, þ.e. fjármálafyrirtæki, greiðslujöfnuð og fjármálamarkaði.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu og setningu lausafjár- og gjaldeyrisjafnaðarreglna sem taka til lána- stofnana, annast eftirlit og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjár- málakerfið. Fylgst er með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja auk ytri stöðu þjóðarbúsins. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á skýrslunni *Fjármálastöðugleiki* og undirbýr fundi kerfisáhættunefndar.

Fjármálainnviðir hafa með höndum yfirsýn og eftirlit með kerfislega mikilvægum fjármálainnviðum með öryggi, skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Þá annast sviðið rekstur millibankakerfa, útgáfu og umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna. Sviðið hefur jafnframt umsjón með útgáfu ritsins *Fjármálainnviðir*. Auk þess heyrir undir sviðið félag í eigu Seðlabankans, Greiðsluveitan ehf., sem starf- rækir greiðslukerfi og önnur þjónustukerfi tengd greiðslumiðlun.

Stoðsviðin þrjú eru rekstur og starfsmannamál, fjárhagur og lög- fræðiráðgjöf.

Rekstur og starfsmannamál skiptist í sex þjónustueiningar, þ.e. eignaumsjón og þjónustu, innri upplýsingaþjónustu, matar- og veit- ingaþjónustu, rekstrar- og skrifstofuþjónustu, starfsmannaþjónustu og upplýsingatækniþjónustu. Skilgreind markmið sviðsins eru að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir Seðlabankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma, að gæta hagsýni í hvívetna við notkun á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til rekstrar bankans með tilliti til starfsfólks, starfsemi og orðstírs og að framfylgja starfsmanna- og fræðslustefnu bankans hverju sinni eins vel og unnt er.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í hans eigu ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðhátíðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem eru í vörslu bankans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá annast sviðið erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og

uppgjör verðbréfavíðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær deildir, reikningshald og bakvinnslu.

Lögfræðiráðgjöf veitir bankastjóra, sviðum og deildum bankans lögfræðiráðgjöf um málefni sem snerta hlutverk bankans og starfsemi hans. Ráðgjöfin tekur þátt í undirbúningi laga og reglna og gerð lögfræðialita, annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggæringa og lánasamninga.

Innri endurskoðandi starfar samkvæmt ákvæðum c-liðar 28. greinar laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, undir umsjón banka-ráðs og er ábyrgur gagnvart því. Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Seðlabanka Íslands og félaga í hans eigu. Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar og stjórnarháttanna með kerfisbundnum vinnubrögðum og styður þannig bankann í að ná markmiðum sínum.

### Starfsmannamál

Í upphafi árs 2016 voru 172 starfsmenn í starfslíði bankans auk 6 starfsmanna í hlutastarfi við ræstingu, samtals 178 starfsmenn. Í lok árs 2016 voru starfsmenn 180 auk 5 starfsmanna í hlutastarfi við ræstingu, samtals 185 starfsmenn. Á árinu var 21 starfsmaður ráðinn til starfa en 14 létu af störfum. Fjöldi sumarstarfsmanna á árinu 2016 var 7.

Kynjahlutfall var nokkuð jafnt og breyttist lítið á árinu. Í upphafi árs voru 95 karlar og 83 konur í starfslíði bankans. Í lok árs voru 98 karlar og 87 konur. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna var 84,3% í árslok. Í árslok voru 6 karlar og 4 konur framkvæmdastjórar hjá bankanum og í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru 14 karlar og 9 konur. Meðal næstráðenda í bankanum var hlutfall karla því 61% og kvenna 39%.

Á árinu lét Sigríður Benediktsdóttir af starfi sem framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika. Harpa Jónsdóttir var ráðin í hennar stað, en hún gegndi áður starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sama sviðs. Framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits, Ingibjörg Guðbjartsdóttir, fór í námsleyfi á árinu. Í fjarveru Ingibjargar var Rannveig Júníusdóttir sett framkvæmdastjóri. Eftir að hún fór í fæðingarorlof síðla árs tók Guðmundur Sigbergsson við stöðu framkvæmdastjóra.

Í árslok voru 19 starfsmenn félaga í eigu Seðlabanka Íslands, þar af 16 hjá Greiðsluveitunni ehf. og 3 hjá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. og Hildu ehf.

Tafla VIII-3 Fjöldi starfsmanna eftir sviðum

Svið	Fjöldi
Alþjóðavíðskipti og skrifstofa bankastjóra	11
Fjárhagur	14
Fjármálainnvíðir	9
Fjármálastöðugleiki	13
Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla	17
Gjaldeyriseftirlit	23
Hagfræði og peningastefna	20
Innri endurskoðun	1
Lögfræðiráðgjöf	4
Markaðsvíðskipti og fjárstýring	23
Rekstur og starfsmannamál <sup>1</sup>	43
Samtals <sup>2</sup>	178

1. Við bætast 5 starfsmenn í hlutastarfi við ræstingu. 2. Að meðtöldum seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra er fjöldinn 180.

## Stjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2016

### Bankaráð

#### Aðalmenn

Pórunn Guðmundsdóttir formaður  
Jón Helgi Egilsson  
Ágúst Ólafur Ágústsson  
Ingibjörg Ingvadóttir  
Ragnar Árnason  
Björn Valur Gíslason  
Auður Hermannsdóttir

#### Varamenn

Pórlindur Kjartansson  
Sigrún Elsa Smáradóttir  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir  
Hildur Traustadóttir  
Leó Löve  
Sunna Jóhannsdóttir  
Bára Valdís Ármannsdóttir

### Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

### Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson


#### Yfirmenn

Alþjóðasamskipti og skrifstofa bankastjóra:	Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri
Fjárhagur:	Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri
Fjármálainnviðir:	Guðmundur Kr. Tómasson framkvæmdastjóri
Fjármálastöðugleiki:	Harpa Jónsdóttir framkvæmdastjóri
Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla:	Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri
Gjaldeyriseftirlit:	Guðmundur Sigbergsson framkvæmdastjóri
Hagfræði og peningastefna:	Pórarinn G. Pétursson aðalhogfræðingur
Lögfræðiráðgjöf:	Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur
Markaðsviðskipti og fjárstýring:	Sturla Pálsson framkvæmdastjóri
Rekstur og starfsmannamál:	Ásta H. Bragadóttir framkvæmdastjóri
Innri endurskoðandi:	Nanna Huld Aradóttir

#### Félög í eigu Seðlabanka Íslands

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ):	Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri
Greiðsluveitan ehf.:	Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri

## Skipurit Seðlabanka Íslands









## SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2016



## Áritun óháðra endurskoðenda

Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingar á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Seðlabanka Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu Seðlabanka Íslands að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggðri á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

### Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Seðlabanka Íslands. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa bankann upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggist á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi bankans.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrgir fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum einir ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 30. mars 2017

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson  
endurskoðandi

## Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2017

### Áritun bankaráðs

*Jón Helgi Egilsson  
Ragnar Árnason  
Ágúst Ólafur Ágústsson*

*Pórunn Guðmundsdóttir  
formaður*

*Ingibjörg Ingvadóttir  
Auður Hermannsdóttir  
Björn Valur Gíslason*

### Áritun seðlabankastjóra

*Már Guðmundsson*

## Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 30. mars 2017

*Bjarni Benediktsson*





## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýringar	2016	2015
<b>Vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur af innlendum eignum .....		6.836.809	17.957.775
Vaxtatekjur af erlendum eignum .....		8.351.686	7.449.528
	1	<u>15.188.495</u>	<u>25.407.303</u>
<b>Vaxtagjöld</b>			
Vaxtagjöld af innlendum skuldum .....		(26.930.669)	(21.686.437)
Vaxtagjöld af erlendum skuldum .....		(364.737)	(652.231)
	2	<u>(27.295.406)</u>	<u>(22.338.668)</u>
Hrein (vaxtagjöld) / tekjur		(12.106.911)	3.068.635
<b>Rekstrartekjur</b>			
Þjónustutekjur .....	3	1.274.332	1.377.264
Þjónustugjöld .....	4	(902.841)	(878.183)
Seðlar úr umferð .....		180	750
Tekjur af hlutafjáreign .....	5	54.083	85.923
Verðbreytingar innlendra skuldabréfa .....	6	45.273.846	17.161.809
Verðendurmat fullnustueigna .....	29	1.403.844	1.814.274
Verðendurmat erlendra eigna .....	6	(2.896.298)	(7.392.174)
Verðendurmat gulleignar .....	7	861.025	(1.067.425)
Gengishagnaður (tap) af gjaldeyrisviðskiptum .....	8	28.389.483	(119.155)
		<u>73.457.654</u>	<u>10.983.082</u>
Hreinar rekstrartekjur		61.350.744	14.051.717
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	(2.868.652)	(2.630.752)
Annar rekstrarkostnaður .....	10	(1.161.519)	(1.127.078)
Kostnaður af seðlum og mynt .....	12	(148.548)	(166.012)
Afskriftir fastafjármuna .....	28	(159.261)	(161.494)
Bakfærð virðisrýmun krafna .....	13	4.212.827	6.116.379
		<u>(125.154)</u>	<u>2.031.043</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna .....		0	(24.675)
Rekstrarhagnaður fyrir skatta og gengismun		61.225.590	16.058.085
Tekjuskattur .....	15	(7.176.844)	(2.054.012)
Hagnaður án gengismunar		54.048.746	14.004.073
Gengismunur .....	14	(88.745.168)	(8.352.759)
(Tap) hagnaður ársins		<u>(34.696.422)</u>	<u>5.651.314</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýringar	2016	2015
Gulleign .....	17	8.309.617	8.790.287
Erlendar eignir .....	18-21	797.711.719	641.606.734
Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn .....	22	10.596.223	3.369.392
Innlendar fjáreignir .....	23-27	51.446.827	250.760.528
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	28	4.793.857	4.811.346
Fullnustueignir og fasteignir til sölu .....	29	1.164.916	4.905.532
Tekjuskattsinnægn .....	30	149.171	13.402
Aðrar eignir .....	31	1.898.419	2.720.175
Eignir		<u>876.070.748</u>	<u>916.977.397</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Stofnfé .....		85.634.079	83.501.000
Óinnkallað stofnfé .....	40	(54.133.079)	(52.000.000)
Endurmat fasteigna og lausafjármuna .....		4.250.168	4.299.112
Þýðingarmunur .....		(8.359)	(12.572)
Bundnar hlutdeildartekjur .....	41	34.770.780	0
Annað eigið fé (neikvætt) .....		(26.446.217)	42.972.042
Eigið fé	42	<u>44.067.372</u>	<u>78.759.581</u>
Seðlar og mynt .....	33	62.327.943	55.671.137
Erlendar skuldir .....	34	24.539.750	2.060.342
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn .....	22	17.030.072	20.155.612
Innstæður fjármálastofnana .....	35	71.157.714	67.643.670
Aðrar innstæður .....	36	307.826.302	448.528.896
Innlendar fjárskuldir .....	37	340.036.916	242.199.120
Tekjuskattsskuldbinding .....	30	1.764	2.962
Lífeyrisskuldbinding .....	38	241.090	257.906
Aðrar skuldir .....	39	8.841.825	1.698.171
Skuldir		<u>832.003.376</u>	<u>838.217.815</u>
Eigið fé og skuldir		<u>876.070.748</u>	<u>916.977.397</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

Rekstrarhreyfingar	2016	2015
Innheimtar vaxtatekjur .....	25.451.857	21.554.142
Greidd vaxtagjöld .....	(27.639.596)	(19.746.431)
	(2.187.739)	1.807.711
Innheimtar þjónustutekjur .....	871.077	1.138.780
Greidd þjónustugjöld .....	(586.452)	(715.580)
Innborgaður arður af hlutafjáreign .....	54.083	85.923
	(1.849.032)	2.316.834
Greidd rekstrargjöld .....	(4.029.370)	(3.913.949)
	(5.878.402)	(1.597.116)
Greiddur tekjuskattur .....	(815.592)	(229.320)
	(6.693.994)	(1.826.436)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Keyptir rekstrarfjármunir .....	(191.946)	(177.557)
Fullnustueignir, sala að frádragnum viðbótum .....	5.517.104	7.907.259
Seldir (keyptir) eignarhlutir .....	126.683	(145.511)
Keypt ríkisbréf .....	(22.647.596)	0
Innheimtar almennar kröfur .....	66.449.293	0
Seld verðbréf .....	61.722.770	80.224.546
Afborganir af verðbréfum o.fl. ....	122.531.809	93.118.977
Keypt gull .....	(42.900)	(11.910)
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða .....	(545.835.931)	(243.097.654)
Seld verðbréf í gjaldeyrisforða .....	269.232.370	215.680.897
Fjármagnstekjuskattur dótturfélaga (hækkun) lækkun .....	(434.913)	1.034.468
Sérstök dráttarréttindi AGS .....	(9.082.306)	(20.561.921)
	(52.655.562)	133.971.594
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Seðlar og mynt, hækkun .....	6.656.806	5.715.822
